

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr: 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is


Skýrsla nr. C95:06


Kostnaður við Lánasjóð íslenskra námsmanna og eiginfjárstaða sjóðsins um áramót 1994-95

Skýrsla unnin fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna

1995







1. Formáli

Verkefni þetta er unnið að beiðni Lánaþjóðs íslenskra námsmanna. Í skýrslunni er gerð úttekt á kostnaði sjóðsins við námsaðstoð og kannað hver styrkur ríkisins til sjóðsins þarf að vera í hlutfalli við útlán. Einnig er skoðuð eiginfjárstaða sjóðsins um áramót 1994-95. Undirritaður hefur umsjón með verkinu en það er unnið af Guðmundi Inga Jónssyni, B.S. écon. Útreikningar hafa verið sannreyndir, bæði af Hagfræðistofnun og Ríkisendurskoðun.


Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, febrúar 1995

Guðmundur Magnússon
Prófessor



Efnisyfirlit:

1.	Inngangur.....	9
2.	Próun námsaðstoðar.....	11
2.1	Breytingar á lögum sjóðsins.....	11
2.2	Próun helstu stærða.....	15
2.2.1	Heildarútlán LÍN.....	15
2.2.2	Fjöldi lánþega.....	16
2.2.3	Meðallán lánþega.....	16
2.2.4	Framlag ríkisins til LÍN.....	17
2.2.5	Ráðstöfunarfé LÍN.....	18
2.2.6	Ráðstöfun fjármagns LÍN.....	20
3.	Fræðileg undirstaða.....	22
3.1	Gagnsæi fjármálatengsla milli hins opinbera og opinberra fyrirtækja.....	22
3.2	Ávoxtunarkrafa.....	23
3.2.1	Hæsta mögulega ávoxtun.....	23
3.2.2	Vextir á ríkisskuldabréfum.....	24
3.2.3	Vextir af innlánnum LÍN.....	24
3.2.4	Spá um vexti.....	24
3.2.5	Leiðbeiningar Evrópubandalagsins.....	24
3.3	Hækkun raunlauna vegna hagvaxtar.....	25
4.	Kostnaður ríkisins við námsaðstoð, forsendur.....	26
4.1	Meðallán lánþega.....	26
4.2	Skipting á meðalláni.....	28
4.2.1	Gefnar forsendur um meðallán.....	28
4.3	Laun lánþega.....	29
4.3.1	Hækkun raunlauna	29
4.3.2	Hækkun viðmiðunarlauna.....	30
4.3.3	Gefnar forsendur varðandi laun.....	30
4.4	Endurgreiðsla láns.....	30
4.4.1	Núvirði láns.....	31
4.5	Kostnaður vegna seinkunar á greiðslum til LÍN.....	32
4.6	Kostnaður vegna viðbótargreiðslu.....	32



Viðauki 6 Lán LÍN hjá Ríkisábyrgðarsjóði, núvirði:

6.16	Lán númer T 0527905.....	193
6.17	Lán númer T 0527916.....	194
6.18	Lán númer T 0528001.....	195
6.19	Lán númer T 0528002.....	196
6.20	Lán númer T 0528102.....	197
6.21	Lán númer T 0528201.....	198
6.22	Lán númer T 0528202.....	199
6.23	Lán númer T 0528208.....	200
6.24	Lán númer T 0528209.....	201
6.25	Lán númer T 0528310.....	202
6.26	Lán númer T 0528312.....	203
6.27	Lán númer T 0528315.....	204
6.28	Lán númer T 0528801.....	205
6.29	Lán númer T 0528802.....	206
6.30	Lán númer T 0528803.....	207
6.31	Lán númer T 0528804.....	208
6.32	Lán númer T 0528807.....	209
6.33	Lán númer T 0528901.....	210
6.34	Lán númer T 0528902.....	211
6.35	Lán númer T 0528903.....	212
6.36	Lán númer T 0528904.....	213
6.37	Lán númer T 0528905.....	214
6.38	Lán númer T 0528906.....	215
6.39	Lán númer T 0528907.....	216
6.40	Lán númer T 0529001.....	217
6.41	Lán númer T 0529002.....	218
6.42	Lán númer T 0529003.....	219
6.43	Lán númer T 0529004.....	220
6.44	Lán númer T 0529005.....	221
6.45	Lán númer T 0529010.....	222
6.46	Lán númer T 0529101.....	223
6.47	Lán númer T 0529102.....	224
6.48	Lán númer T 0529103.....	225
6.49	Lán númer T 0529105.....	226
6.50	Lán númer T 0529108.....	227



Viðauki 6 Lán LÍN hjá Ríkisábyrgðarsjóði, núvirði:

6.51	Lán númer T-0529109.....	228
6.52	Lán númer T 0529110.....	229
6.53	Lán númer T 0529115.....	230
6.54	Lán númer T 0529117.....	231
6.55	Lán númer T 0529118.....	232
6.56	Lán númer T 0529121.....	233
6.57	Lán númer T 0529201.....	234
6.58	Lán númer T 0529202.....	235
6.59	Lán númer T 0529203.....	236
6.60	Lán númer T 0529204.....	237
6.61	Lán númer T 0529205.....	238
6.62	Lán númer T 0529206.....	239
6.63	Lán númer T 0529301.....	240
6.64	Lán númer T 0529302.....	241
6.65	Lán númer T 0529303.....	242
6.66	Lán númer T 0529304.....	243
6.67	Lán númer T 0529305.....	244
6.68	Lán númer T 0529401.....	245
6.69	Lán númer T 0529402.....	246
6.70	Lán númer T 0529404.....	247
6.71	Lán númer T 0529407.....	248
6.72	Lán númer T 0529409.....	249
6.73	Lán LÍN hjá Ríkisábyrgðarsjóði, samantekt.....	250

Viðauki 7 Lán námsmanna hjá LÍN, núvirði:

7.1	Núvirði útistandandi lána.....	254
7.2	Lán LÍN hjá Ríkisábyrgðarsjóði, samantekt.....	255

Viðauki 8 Eiginfjárstaða LÍN um áramót 1994-95:

8.1	Eiginfjárstaða LÍN um áramót.....	256
-----	-----------------------------------	-----



1. Inngangur:


Núgildandi lög um Lánaþjóð íslenskra námsmanna voru samþykkt frá Alþingi 15. maí 1992 og staðfest 25. maí 1992. Með þeim lögum voru gerðar miklar breytingar, sérstaklega á endurgreiðslum. Árið á undan hafði úthlutunarreglum verið breytt og þær hertar til muna. Með þessum aðgerðum lækkuðu útlán sjóðsins úr rúmum 4,1 milljarði í 2,6 milljarða og kostnaður ríkisins við útlán lækkaði verulega.

Lykillinn að traustum fjárhagsgrundvelli stofnunar eins og Lánaþjóðsins er að lagt sé til hans það fjármagn sem hann kostar á hverju ári. Ef það er ekki gert er sjóðurinn að ganga á sitt eigið fé, sem getur orðið neikvætt á mjög skömmum tíma ef ekkert er að gert. Ef ríkissjóður leggur of lítið fjármagn til eitt árið, verður hann að leggja til meira fjármagn það næsta.

Framlög til sjóðsins hafa sveiflast mjög á milli ára undanfarin ár. Þannig hefur ríkisframlagið verið allt frá 54,84% af útlánum árið 1994, upp í 117,23% árið 1974.¹ Það hefur því vantað stöðugleika í framlög til sjóðsins og ríkisstjórnir hafa oft séð sér leik á borði að ná fram minni bókhaldslegum halla á einu ári með því að lækka framlög. Þó hefur eiginfél sjóðsins aldrei verið stefnt í hættu og nær öll árin sem sjóðurinn hefur verið starfræktur hefur honum verið úthlutað riflegu ráðstöfunarfé miðað við kostnað.

Útlán lánaþjóðsins sveiflast á milli ára, með fjölda og meðalláni hvers lánpæga. Breytingar verða á hve margir fara í nám hérlandis og hve margir fara í framhaldsnám erlendis. Einnig hefur atvinnuástandið í þjóðféluginu nokkuð að segja um hver útlán verða. Á hverju ári gerir sjóðurinn áætlun um útlán næsta árs. Þegar framlög til sjóðsins eru ákveðin í fjárlagafrumvarpinu, ætti að fara eftir þessari áætlun og þeirri prósentu sem áætlað er að útlán kosti ríkissjóð. Við gerð nýrra fjárlaga er svo leiðrétt frá síðasta ári þannig að ef áætlun stenst ekki er annað hvort dregið frá eða bætt við framlag næsta árs. Þannig helst jafnvægi á eiginfél sjóðsins og sitjandi ríkisstjórn er ekki að skuldbinda næstu með óvarlegri útlánastefnu og / eða litlum framlögum. Ef þetta væri gert þyrfti ríkissjóður að borga með lánaþjóðnum, jafnvel löngu eftir að hann væri lagður niður. Ef of lítið er borgað til LÍN veldur það duldum útgjöldum, sem valda duldum fjárlagahalla. Þetta er því auðveld leið fyrir ríkisstjórnir að ná fram bókhaldslegum sparnaði, án þess að útgjöldin breytist í raun.

¹ Sjá viðauka 2



Í þessari skýrslu er reynt að meta hver kostnaður er vegna námsaðstoðar miðað við núverandi námslánakerfi. Skoðaðar voru breytingar á endurgreiðslum auk þess sem gerð var athugun á kostnaði við breytingar á meðalláni. Einnig er lagt mat á raunverulega eiginfjárvöldu sjóðsins um áramót 1994-95. Útreikningaráðsins er ekki hægt að reikna nákvæmlega út vegna óvissu sem er í gefnum forsendum. Útreikningurinn er því aðeins nálgun, en þó var reynt að nota aðferðir sem lágmarka þessa óvissu.

1

2

3

4

5

2 Próun námsaðstoðar

2.1 Breytingar á lögum sjóðsins:

Allt frá stofnun Háskólags árið 1911 var veitt á hverjum fjárlögum fé til náms- og húsaleigustyrkja handa nemendum við Háskóllann. „Húsaleigustyrk má aðeins veita reglusönum og efnalitum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega aðeins veita utanbæjarstúdentum.”² Það var svo í nóvember árið 1919 að í fyrsta skipti var ákveðin fjárveiting á fjárlögum til íslenskra stúdenta í erlendum skólum. Þar segir að styrkþegi megi sækja „hvern viðurkenndan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni hjer skilríki fyrir því að þeir stundi nokkurt það háskólanám sem þeir fá eigi kennslu í við Háskóla Íslands.”³ Styrkir fyrir námsmenn erlendis voru síðan lögbundnir með lögum nr. 35/1925. Samkvæmt þeim voru veittir fjórir 1200 kr. styrkir árlega, til fjögurra ára í senn.

Menntamálaráð Íslands var stofnað með lögum árið 1928. Í ráðinu sátu fimm menn og var þeim m.a. fengið það hlutverk að úthluta námsstyrk er árlega greiðist úr ríkissjóði til stúdenta og annarra nemenda erlendis.

„Hlutverk menntamálaráðs Íslands er:


e. Að úthluta námsstyrk, er árlega greiðist úr ríkissjóði til stúdenta og annarra nemenda erlendis. Skal menntamálaráðið við úthlutun námsstyrks veita fyrst og fremst til þess náms, sem sýnilega er mest þörf fyrir í landinu, og sje út af þeirri reglu brugðið, þá aðeins þar sem um alveg óvenjulega sjerhæfileika er að ræða. Að öðru leyti skal við úthlutun þessa námsstyrks farið eftir hæfileikum nemenda, dugnaði og reglusemi. Menntamálaráðið skal eftir fremsta megni, með aðstoð sendimanna Íslands erlendis, hafa eftirlit með, að styrkþegar fari vel með fje sitt og tíma, og sje sannlega út af brugðið, getur nefndin svipt þá framhaldsstyrk.”⁴ Fjárveitingar til námsstyrkja héldust svo á fjárlögum næstu áratugina.

Árið 1952 voru samþykkt frá Alþingi lög um Lánaþjóð stúdenta. Lán úr sjóðnum voru ætluð stúdentum við Háskóla Íslands en ráðherra gat eftir tilmælum sjóðssjórnar ákveðið að lánsheimildin næði einnig til annarra stúdenta. Stjórnin var skipuð fimm mönnum: tveimur tilnefndum af háskólaráði, tveimur af stúdentaráði háskólans og einum tilnefndum af menntamálaráðherra. Lánin voru veitt tvívar á ári, í nóvember og mars. Heimilt var að lána allt að 500.000 hvert ár. Hver stúdent hafði heimild til þess að taka

² Stjórnartíðindi 1919-1920, bls 80-81.

³ Stjórnartíðindi 1919-1920, bls 80-81.

⁴ Stjórnartíðindi 1928, bls 7-8




lögunum frá 82 og varð „stefnt skal að því að opinber aðstoð við námsmenn nægi hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði...“⁷ Með lögunum var endurgreiðslutími lengdur í 40 ár og endurgreiðsla varð hlutfall af útsvarsstofni ársins á undan, 3.75% að frádreginni fastri afborgun. Einnig kváðu lögum á um rétt námsmanna til að greiða í lífeyrissjóð, þannig að iðgjaldahluti lánþega dróst frá láni en mótfamlag sjóðsins taldist viðbótarlán. Heimildir ráðherra til að ákveða hvað teldist lánshæft nám voru enn rýmkaðar, þannig að ef ráðherra ákvað að bæta við skórum eða námsbrautum Alþingi var og skuldbundið til að standa undir þeim útgjöldum.

Upphæð grunnaðstoðar var reiknuð út frá fjárhörf námsmanna. Ekki treysti löggjafinn sér til að láta námslán ná fullri reiknaðri fjárhörf til að byrja með, en talið var fyrir gildistöku laganna að lánin dýgðu fyrir 90% af framfærslu. Því var sett inn bráðabirgðaákvæði þar sem gert var ráð fyrir að hækka lán í 95% 1. janúar 1983 og í 100% af fjárhörf 1. janúar 1984. Einnig var heimild til greiðslu í lífeyrissjóð frestað til 1. janúar 1985. Þessi lög giltu næstu tíu árin eða þangað til að þeim var breytt árið 1992. Fjölgun námsmanna og aukið tillit til félagslegra aðstæðna varð til þess að útgjöld sjóðsins hækkuðu verulega á þessum árum. Endurgreiðslur skiluðu sér hægt og því lenti kostnaðurinn á riskinu sem ekki var tilbúið að leggja í svo mikinn kostnað við námslánakerfið. Í framhaldi af því var lögum sjóðsins breytt árið 1992.

Núgildandi lög um Lánaþjóð íslenskra námsmanna voru samþykkt frá Alþingi 15. maí 1992 og staðfest 25. maí 1992. Miklar breytingar voru gerðar, þá sérstaklega með það í huga að bæta fjárhagsstöðu sjóðsins. Allar reglur um útlán voru þrengdar og endurgreiðsla námslána hert verulega. „Námslán skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur.“⁸ Lánin bera samkvæmt lögunum 1% vexti en eru vaxtalaus á námstíma og endurgreiðslur hefjast tveimur árum eftir námslok. Greiðlan á láninu skiptist í two hluta, annarsvegar fasta afborgun sem var 48.000 miðað við lánskjaravísitölu 3.198 og hins vegar viðbótargreiðslu sem er 5% af útsvarsstofni fyrstu fimm ár afborgunar en 7% eftir það, að frádreginni föstu greiðslunni. Lánin skulu greiðast upp en endurgreiðslur sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast, falla sjálfkrafa niður. Með þessum hertu endurgreiðslum og vöxtum átti að tryggja fjárhagsgrundvöll sjóðsins. Einnig komu til viðtækar breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins þar sem m.a. allir styrkir voru felldir niður, leyfilegur lánatími styttur úr tólf árum í tíu og hámark var sett á skólagjaldalán. Með þessum breytingum minnkaði kostnaður við sjóðinn verulega, bæði vegna breyttra laga og fækkanar lánþega.

⁷ Stjórnartíðindi 1982, A. 19. bls 96

⁸ Lög um Lánaþjóð íslenskra námsmanna, 1992.




2.2 Þróun helstu stærða

2.2.1 Heildarútlán LÍN

Umfang námsaðstoðar hefur aukist verulega frá stofnun Lánaþjóðsins. Veitt lán árið 1971 voru 362.847.793 kr. á meðalverðlagi 1994 en tuttugu árum seinna, árið 1991 var sú upphæð komin í 4.126.573.635 á sama verðlagi. Með nýjum lögum um LÍN frá 1992 hefur dregið mjög úr útgjöldum sjóðsins en útlán á árinu 1994 voru 2.722.729.644. Þennan samdrátt má skýra með fækkan lánþega, en einnig voru settar takmarkanir á skólagjaldalán og reglur hertar mjög um útborgun námslána.


Á mynd 1 má sjá hvemig útlán LÍN hafa þróast á undanförnum tveimur áratugum. Tölurnar eru á meðalverðlagi 1994.⁹

Mynd 1



Vöxturinn í útgjöldum sjóðsins hefur verið mun meiri en önnur útgjöld í þjóðféluginu, hvort sem miðað er við opinber útgjöld í heild eða útgjöld til menntamála. Námsaðstoð hefur því fengið aukið vægi í þjóðarútgjöldum á liðnum árum eins og raunar menntun almennt. Aukninguna má að hluta til skýra með auknum fjölda námsmanna. Árið 1970 voru 1942 nemendur í lánshæfu námi á Íslandi en árið 1994 voru þeir komnir í 10.316. Þannig hefur fjöldi lánþega aukist nær stöðugt þangað til ný lög voru sett um LÍN árið 1992 en þá fækkaði umtalsvert.

⁹ Sjá viðauka 3.1 og 3.2




allánið hefur

Fjöldi lánþega

kningu á útgjöldum má einnig skýra með rýmkun á reglum um lánshæfi. Eftir málaraðheira var gefin heimild með lögum frá 1976, til að ákveða sjálfur um instakra skóla hefur með tímanum sérnám og iðnám verið gert lánshæft. Það í för með sér að fleiri og fleiri stunda lánshæft nám sem hefur aukið útgjöld

nynd 2 má sjá hvernig lánþegafjöldi LÍN hefur þróast.¹⁰




a aftur. Árið

Meðallán lánþega


æða á aukningu útgjalda er hækjun á meðalláni lánþega LÍN. Meðallán hefur ær stöðugt milli ára þannig að dýrara er að lána hverjum lánþega. Meðallán var árið 1971 194.846 krónur en var komið í 451.383 krónur árið 1994 á þagli þess árs. Meðallánið hefur hækkað um leið og sjóðurinn hefur tekið m og aukin áhersla hefur verið lögð á að lána námsmönnum í samræmi við ukostnað þeirra. Einnig hefur það aukist á síðustu árum að námsmenn hafa í langt og dýrt nám, en lánasjóðurinn hefur staðið straum af skólagjöldum í endum háskólum. Það var svo árið 1991 að takmörk voru sett á skólagjaldalán

:ð breytingu
mlag ríkisins
m þegar lítið
naður vegna
ð og brunnu
iddu lítið til
ygging á öll
tírstöðvar að
aldrei greidd
þeim lögum
34% skiluðu



Á mynd 4 má sjá hvernig hlutfall ríkisframlags og útlána hefur breyst í tímans rás.¹²

Mynd 4



Framlag ríkisins til sjóðsins hefur verið allt frá 54,84% af útlánum árið 1994, upp í 117,23% árið 1974. Þetta segir þó lítið um hve hátt framlagið hefði þurft að vera til þess að standa undir kostnaði, þar sem raunverulegur kostnaður við útlán hefur breyst frá ári til árs.

2.2.5 Ráðstöfunarfé LÍN


Ráðstöfunarfé LÍN kemur til á þrennan hátt. Á hverju ári leggur ríkið fé til sjóðsins sem kallast ríkisframlag. Ríkisframlagið fór vaxandi frá stofnun sjóðsins og allt fram til ársins 1991, en nú fer það lækkandi aftur. Afborganir lánþega koma einnig til ráðstöfunar LÍN að nýju, en endurgreiðslur fara ört vaxandi og eiga eftir að aukast verulega nú þegar lánþegar fara að greiða lán sín til baka eftir nýjum lögum. Til þess að standa undir skuldbindingum sínum er sjóðnum einnig heimilt að taka lán hjá Endurlánum ríkissjóðs. Hvert lán hefur ákveðna greiðsluskilmála og ákveðna vexti, en þeir eru mismunandi á milli lána.

¹² Sjá viðauka 3.8



Á mynd 5 má sjá hvernig ráðstöfunarfé LÍN er tilkomið.¹³


Mynd 5



Lántökur LÍN hafa aukist verulega á síðustu árum, en mest munar um hve mikið afborganir hafa aukist.


Á mynd 6 má sjá hvernig hlutföll fjármagnsins eru, eftir uppruna.¹⁴

Mynd 6



¹³ Sjá viðauka 3.4 og 3.5

¹⁴ Sjá viðauka 3.4 og 3.5




Á mynd 6 má sjá hvernig ríkisframlagið hefur lækkað hlutfallslega af heildarfjármagni til ráðstöfunar. Það má skýra með lækkandi kostnaði við útlán, með nýjum lögum. Í hvert skipti sem lögum um LÍN hefur verið breytt hefur það m.a. verið gert til þess að bæta endurgreiðslur sem aftur þýðir að ríkið þarf ekki að leggja eins mikið fé til sjóðsins á hverju ári.

2.2.6 Ráðstöfun fjármagns LÍN

Velta lánaþjóðsins hefur aukist verulega frá stofnun hans og mun meira heldur en annarra stofnana ríkisins. Heildarfjármagn sem LÍN ráðstafaði árið 1971 var 456 milljónir en var komið upp í 6,2 milljarða árið 1993.


Á mynd 7 má sjá hvernig fjármagni LÍN er ráðstafað.¹⁵

Mynd 7




Á undanförnum árum hafa afborganir af eldri lánum sjóðsins aukist verulega en styrkir hafa lækkað. Með nýjum lögum árið 1992 voru allir styrkir felldir út úr lánaþjóðnum og árið 1994 voru engir styrkir veittir.

¹⁵ Sjá viðauka 3.6 og 3.7




Á mynd 8 má sjá hlutfallslega ráðstöfun fjármagns.¹⁶

Mynd 8



Rekstur og eðli lánaþjóðsins hefur breyst mikið frá stofnun hans. Nú er lánað meira í samræmi við framfærslubyrði og þann kostnað sem lánþegi verður fyrir vegna námsins. Afborganir eru einnig farnar að skila sér en þær gerðu það í mjög takmörkuðum mæli á upphafsárum sjóðsins. Reksturinn er því kominn í annan farveg heldur en áður var og kostnaður við sjóðinn er hlutfallslega minni nú.

¹⁶ Sjá viðauka 3.6 og 3.7



3 Fræðileg undirstaða

3.1 Gagnsæi fjármálatengsla milli hins opinbera og opinberra fyrirtækja

Samkvæmt tilskipun frá framkvæmdastjórn Evrópska efnahagssvæðisins ber framkvæmdastjórninni að tryggja að ”aðildarríkin veiti ekki fyrirtækjum, hvorki í eigu hins opinbera né einkaeign, aðstoð sem samrýmist ekki hinum sameiginlega markaði.”¹⁷ Þetta þýðir að ríkisstjórnin getur ekki veitt ríkisfyrirtækjum né öðrum styrki, niðurfellingu á lánum, né ríkisábyrgðir nema þeim fyrirtækjum og stofnunum sem heimilt er að styrkja, samkvæmt EES samningnum. Þessi tilskipun gildir ekki ef ólöklegt má teljast að þjónusta þeirra hafi teljandi áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna.

Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EØE¹⁸ og með reglum um hvernig henni skyldi beitt, með tilskipun 85/413/EØE¹⁹ var aðildarríkjum gert skylt að tryggja gagnsæi fjármálatengsla milli opinberra yfirvalda og opinberra fyrirtækja.

Aðildarríkjum ber skylda til að tryggja gagnsæi fjármálatengsla vegna,

- a. framlaga sem opinber yfirvöld veita hlutaðeigandi opinberum fyrirtækjum beint til ráðstöfunar.
- b. framlaga sem opinber yfirvöld veita fyrir milligöngu opinberra fyrirtækja eða fjármálastofnana.

„Þeim er einnig skylt að sýna hvernig þessi opinberu framlög eru raunverulega nýtt. Gagnsæi það sem um getur gildir einkum um eftirfarandi svið fjármálatengsla milli opinberra yfirvalda og opinberra fyrirtækja:

- a. jöfnun á rekstrartapi;
- b. tilfærsla fjármagns;
- c. óendurkræfir styrkir eða lán á vildarkjörum;
- d. veiting fjárvuðnings sem felst í eftirgjöf á hagnaði eða niðurfellingu skulda;
- e. eftirgjöf á eðlilegum arði af opinberum fjármunum;
- f. bætur vegna fjárhagslegra byrða sem opinber yfirvöld hafa lagt á fyrirtæki.”²⁰

¹⁷ Tilskipun framkvæmdastjórnar EES um gagnsæi fjármálatengsia, 1980.

¹⁸ Stjórnartíðindi, EB nr. L 195, 29. 7. 1980, bls 35.

¹⁹ Stjórnartíðindi, EB nr. L 229, 28. 8. 2985, bls 20.

²⁰ Tilskipun framkvæmdastjórnar EES um gagnsæi fjármálatengsia, 1980.



Þó að hinu opinbera sé ekki skyld að hafa fjármálaleg tengsl sín og opinberra stofnana gagnsæ, er rétt fyrir ríkið að bókhald þess sé fært þannig. Að öðrum kosti komā umsvif ríkisins ekki að fullu í ljós, þar sem einstakar stofnanir og fyrirtæki f eigu hins opinbera hafa sjálfstæðan fjárag.

Hvað lánaþjóðinn varðar er rétt að sundurgreina til hvers ríkisframlag til LÍN er notað ár hvert. Einnig ber ríkinu að gera ávöxtunarkröfu til þess fjármagns sem það leggur til LÍN. Þegar kostnaður við útlán og rekstur LÍN er reiknaður ber því að taka með ávöxtun núvirts eiginfjár til lækkunar á ríkisframlagi.²¹

3.2 Ávöxtunarkrafa


Í núvirðisútreikningum skiptir ávöxtunarkrafa verulegu máli um útkomu reikninganna. Það skiptir því miklu að "rétt" ávöxtunarkrafa sé notuð. Í núvirðisreikningum þar sem bæði kostnaður og ábati eru vel skilgreindir má oft notast við afkastavexti og þannig sjá hve háum vöxtum fjárfestingin skilar. Þetta er þó oft ekki hægt, þar sem erfitt er að reikna ábata af mörgum fjárfestingum ríkisins. En hver er hin rétta ávöxtunarkrafa? Í raun er ekki hægt að tala um eina rétta ávöxtunarkröfu, hún fer oft eftir eðli þess sem verið er að núvirða. Mörg viðmið er hægt að nota, sem henta misvel hverju verki. Þó eru ákveðin viðmið sem oftast er notast við.

3.2.1 Hæsta mögulega ávöxtun

Ríkið hefur úr takmörkuðum fjármunum að spila á hverju ári. Það er því aðeins hægt að framkvæma brot af því sem á óskalistanum er. Þegar ákveðið er hyað eigi að framkvæma er unnin kostnaðar-nytjagreining á þeim framkvæmdum sem til athugunar eru. Reiknaðir eru afkastavextir fyrir hvert verk og svo eru valdir úr þeir fjárfestingarmöguleikar sem gefa hæstu afkastavextina. Þannig er tryggt að fé ríkisins sé varið á sem hagkvæmastan hátt.

Fræðilega lítur þessi aðferð vel út þó að hún sé vart nothæf í praxís, nema í undantekningartilvikum og þá þegar valið er á milli fárra svipaðra kosta, t.d. brúarframkvæmdir eða vegagerð. Ógerlegt er að meta ábata af öllum einstökum útgjöldum ríkisins, þar sem nyt föll einstaklinga koma inn í ábata á mörgum, ef ekki flestum fjárfestingum.

²¹ Sjá viðauka 1.33



3.2.2 Vextir á ríkisskuldabréfum

Vextir á ríkisskuldabréfum eru oft notaðir sem viðmið þegar núvirða þarf fjárfestingramöguleika ríkisins. Ef ríkið getur fengið lánsfjármagn á ákveðnum kjörum ætti að vera hagkvæmt að framkvæma allt sem hefur jákvætt núvirði ef sú ávöxtunarkrafa er notuð.

Í litlu þjóðfélagi eins og Íslandi tekur ríkið stóran hluta af lánsfjármagni á markaðnum. Með aukinni eftirspurn ríkisins hækka vextir á markaðnum og þar af leiðandi vextir á ríkisskuldabréfum. Með aukinni hlutdeild ríkisins í lánsfjármagni verður minna eftir fyrir einkageirann. Svo gæti farið að ríkið tæki til sín fjármagn sem einkageirinn myndi annars nota og gæti nýtt betur en ríkið gerir. Þar með gæti orðið óhagkvæmt fyrir ríkið að ráðast í fjárfestingar sem skila ekki háum afkastavöxtum.

3.2.3 Vextir á innlánum LÍN

Ef verið er að gera sjálfstæða kostnaðargreiningu á LÍN væri eðlilegt að nota vexti á innlánum sjóðsins. Með því móti ætti ríkisframlagið að vera rétt. Með því móti er þó eingöngu verið að skoða kostnað LÍN, en ekki kostnað ríkisins af stofnuninni. Vextir á innlánum LÍN eru nú 5,2% sem er lítillega fyrir neðan markaðsvexti. Ef þeir vextir eru notaðir væri í raun verið að vanmeta kostnaðinn við sjóðinn þó að ríkisframlagið væri rétt miðað við útgjöld sjóðsins.


3.2.4 Spá um vexti, vextir í nágrannalöndum

Margt í þjóðfélaginu getur valdið því að markaðsvextir eða vextir á ríkisskuldabréfum eru ekki réttir til skemmri tíma. Það getur því oft verið nauðsynlegt að nota spá um vexti, sérstaklega ef verið er að núvirða til langs tíma. Einnig er algengt að nota vexti á alþjóðlegum mörkuðum, þar sem það er orðið auðvelt fyrir íslensk fyrirtæki að sækja lánsfjármagn á erlenda markaði.

3.2.5 Leiðbeiningar Evrópubandalagsins

Evrópubandalagið hefur gefið út leiðbeiningar um ávöxtunarkröfu í núvirðisreikningum. Hjá þeim er gert ráð fyrir að nota vexti á ríkisverðbréfum + 1.5% álag.²² Með þessari aðferð eiga að fást vextir á markaði, þ.e. þeir vextir sem aðrir fjárfestar eiga möguleika á.

²² Leiðbeiningar EB um núvirðisútreikninga, handbók Ríkisendurskoðunar.




Í skýrslunni verður notast við fjórar ávöxtunarkröfur, þ.e. 5%, 5.2%, 5.5% og 6% kröfju. Innlánsvextir á innlánnum LÍN eru nú 5.2%. Ef kostnaðurinn væri aðeins skoðaður út frá lánaþjóðinum væri eðlilegt að nota þá ávöxtunarkröfu. Vextir á ríkisskuldabréfum eru þó aðeins hærri, eða um 5.5%, en þeir sveiflast lítillega. Eðlilegt væri að miða við 5.5% vextina þegar framlag til LÍN er ákveðið á fjárlögum, en þó má rökstyðja annað.

3.3 Hækjun raunlauna vegna hagvaxtar

Hagvöxtur er mælikvarði á aukningu þjóðartekna á milli ára og hefur áhrif með ýmsum hætti inn í hagkerfið. Hagvexti má skipta í tvennt, annars vegar vegna fólksfjölgunar og hins vegar vegna raunhækjunar þjóðartekna á mann. Ef hagvöxtur á milli ára er meiri en sem nemur mannfjöldaaukningu hafa þjóðartekjur á mann hækkað. Það mætti því gera ráð fyrir því til lengri tíma litið, að raunlaun hafi hækkað á milli ára sem nemur þessum hagvexti, ef hlutföll í hagkerfinu hafa haldist óbreytt.

Þar sem afborganir af námslánnum eru hlutfall af launum munu endurgreiðslur aukast með auknum hagvexti og lánþegar greiða lán sín hraðar til baka. Það þarf því að taka tillit til hagvaxtar þegar endurgreiðslur lána eru metnar.

Erfitt er að spá fyrir um hagvöxt, sérstaklega mörg ár fram í tímann eins og þarf að gera til að meta endurgreiðslu námslána. Mörg sjónarmið spila þar inn í, eins og hugsanleg aukning hagvaxtar vegna fríverslunarsamninga, mögulegur innri hagvöxtur, mögulegur vöxtur fiskistofna, orkufrekur iðnaður, hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum ofl. Hagvaxtarsveiflur geta skipt miklu í þessu samhengi. Þegar hagvöxtur er metinn til svo langa tíma er yfirleitt um að ræða jafnan meðalhagvöxt. Hagvöxtur gengur aftur á móti í sveiflum. Það getur haft mikil áhrif á raunverulega útkomu hvort hagkerfi byrjar í uppsveiflu eða niðursveiflu þegar lánþegi byrjar að greiða af láni. Spár til mjög langa tíma geta þó aldrei tekið mið af sveiflum og því er betra að halda sig við fasta ákveðna tölu.



4. Kostnaður ríkisins vegna útlána, forsendur

Í skýrslunni er stuðst við ýmsar forsendur. Forsendurnar eru í raun tvennskonar. Annarsvegar eru það forsendur sem gilda aðeins þau ár sem lánþegi tekur lán en hinsvegar eru það forsendur sem þurfa að standast þangað til sifðasti lánþegi hefur greitt upp lán sitt eða andast. Þessar forsendur hafa misjafnlega mikil áhrif á útkomu matsins og breyting á sumum þeirra gæti haft verulegar breytingar á kostnaði við sjóðinn í för með sér.

Í skýrslunni eru allir útreikningar byggðir á meðaltöllum. Það á jafnt við um laun lánþega, lánsupphæð, lánstíma, dánarftföni og afskriftir. Til að finna út kostnað sjóðsins við útlán er lánþegum skipt upp í fjóra hópa, eftir upphæð láns. Út frá þessum hópum er kostnaður sjóðsins fundinn með þeim forsendum sem gefnar eru.

Sú tala sem fengin er hér út er spá um kostnað ríkisins. Hana er hægt að nota á komandi árum sem viðmið við kostnað ríkisins. Ef gefnar forsendur í útreikningunum breytast verulega milli ára er nauðsynlegt að fara aftur yfir útreikninga og finna nýtt viðmið samkvæmt nýjum forsendum. Talan breytist ekki þó sveiflur verði í fjölda lánþega, en hún breytist ef meðallán, eða laun, hækka meira en sem nemur breytingum á lánskjaravísitölu.


Að nota meðaltöl gæti haft það í för með sér að í skýrsluna væri innbyggð kerfisbundin villa. Erfitt er að átta sig á hvort slíkt eigi sér stað og ef svo er hve mikil hún er. Hafa ber í huga við lestar skýrslunnar að hér er aðeins um nálgun að ræða en ekki beinharðar staðreyndir. Þetta ætti þó að vera eins nálægt raunverulegri tölu og hægt er að komast miðað við þau gögn og þær upplýsingar sem fyrir hendi eru.

Útreikningarnir miðast við þau lög sem nú eru í gildi²³ og úthlutunarreglu fyrir námsárið 1994-95. Vegna þess hve stutt er síðan þessi lög tóku gildi er erfitt að meta hve hátt meðallánið er og hvernig námsmenn munu borga lánið til baka, þar sem kerfið er ekki komið í jafnvægi. Þegar meiri reynsla er komin á lögin og námsmenn farnir í auknum mæli að borga lárin sín til baka er hægt að beita öðrum og nákvæmari aðferðum við mat á kostnaði. Vegna skorts á gögnum er þess vegna mikið af gefnum forsendum sem gera matið ónákvæmt og óvissa verður mikil. Þó er reynt að lágmarka hana með því að skipta lárinu upp í fjóra flokka.

4.1 Meðallán lánþega

Á undanförnum árum hafa úthlutunarreglur sjóðsins breyst verulega. Meðallán lánþega hefur því einnig breyst, sérstaklega vegna breytinga á skólagjaldaláni og vegna

²³ Lög um LÍN frá maí 1992



tilkomu svokallaðrar fimm og tíu ára reglu í stað sjö og tólf ára reglu. Samkvæmt núgildandi reglum er hámarks skólagjaldalán 32.000\$ og aðeins er veitt skólagjaldalán til framhaldsnáms. Hámarkstími sem hægt er að fá lánað til í svokallaðri fyrstu gráðu er fimm ár nú en var sjö og tíu ár til þess að taka bæði fyrstu gráðu og æðri gráðu. Þessi breyting hefur stuðlað að því að meðallán hefur lækkað verulega og það er liðin tíð að námsmenn fái lán sem er jafnvel yfir tíu milljónir.

Vegna breytinganna er ekki hægt að skoða gamlar tölur um meðalnámslán. Nota verður nýjar tölur þar sem meðallán einstaklinga er fengið eftir nýjum lögum og úthlutunarreglum. Til þess að finna meðallánið eru því tekin heildarútlán sjóðsins frá 1. ágúst 1993 til 31. júlí 1994. Í þá upphæð er deilt með lánþegafjölda, þ.e. þeim sem reiknast hefur lán á þessum tíma. Úr því fæst meðallán lántakenda á einu ári. Talan sem skiptir máli við útreikningana er aftur á móti meðallán einstaklinga allan námsferilinn en ekki aðeins eitt ár. Það þarf því að margfalda með fjöldu ára sem námsmenn eru í námi.²⁴

Í tölvu lánaþjóðsins var skoðað hve margir voru með gilda umsókn árið 1992-93 en sóttu ekki um lán fyrir árið 1993-94 og hve lengi þeir höfðu verið í námi. Það sama var gert fyrir árin 1989-90, 1990-91 og 1991-92. Að gefinni þeiri forsendu að þessi tala sé sú sama fyrir árið í ár, fæst meðalnámslengd og þannig fengið meðalheildarlán.

Meðallánstími


Ár	Fjöldi	Fj. ferla	Fjöldi ára	Meðaltal / ár
89-90	1.032	1.726	3.730	3,614
90-91	2.332	3.463	7.264	3,115
91-92	2.871	4.293	8.939	3,114
92-93	2.365	3.593	7.551	3,193

Meðalnámstími 3,2 ár

Meðallán 1994-95

Fjöldi á lánum	Heildar- útlán 1994-95	Meðallán á ári	Meðal námstími	Meðallán á mann
6.449	2.910.968.041	451.383	3,2	1.444.425

²⁴ Sjá viðauka 1.1



Í ljós kom að meðallengd náms er á milli 3.1 og 3.2 ár. Þesar tölur gætu átt eftir að breytast, þar sem einhverjir í þessum hópum eiga eftir að fara í frekara nám en á móti kemur að enn eru námsmenn á sjö og tíu ára reglu og enn er verið að lána fyrir skólagjöldum umfram hámark.

Heildarútlán frá 1. ágúst til 31. júlí voru 2.750.968.041 kr. Við þá tölù bætast 160 milljónir sem er áætluð útgjaldaaukning miðað við sama lánþegafjölda og 1993-94 vegna breytinga á úthlutunarreglum fyrir árið 1994-95. Meðallán verður því 1.444.425 krónur á hvern lánþega.

4.2 Skipting á meðalláni

Til þess að minnka kerfisbundna villu í útreikningunum er meðalláninu skipt upp í fjóra flokka. Fjöldi í hverjum flokk var fenginn úr tölvu lánaþjóðsins með því að skoða meðallán 4.586 lánþega sem lokið hafa námi á síðustu árum.

Skipting meðalláns

Skipting á meðalláni				
	Meðallán	Fjöldi með tilt. lán	Hlutfall af heildarf.	Hlutfall af heildarútg.
Meðallán 1	545.408	2.113	46,08%	17,40%
Meðallán 2	1.629.840	1.359	29,63%	33,44%
Meðallán 3	2.531.564	732	15,96%	27,98%
Meðallán 4	3.674.424	382	8,33%	21,19%
Samtals	4.586	100 %	100 %	

Til þess að fá sama meðallán út úr gömlu tölunum og þeim nýju var meðallán 4 lækkað út 5.264.327 kr. í 3.674.424. Þannig fæst meðaltalið 1.444.425 sem er viðmiðunarmeðaltal.²⁵

4.2.1 Gefnar forsendur um meðallán

- Meðallán lánþega breytist ekki.
- Dreifing lánsupphæðar breytist ekki.

²⁵ Sjá viðauka 1.1



4.3 Laun lánþega

Endurgreiðsla námslána er miðuð við ákveðið hlutfall tekna og því þarf að athuga hverjar tekjur lánþega eru. Upplýsingar um tekjur allra greiðenda voru fengnar úr staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. Notaðar voru tekjur lánþega árið 1993, en þær eru hafðar til viðmiðunar þegar tekjutengda afborganin er greidd í september 1994.

Til þess að finna meðaltekjur lánþega var kannað á hvaða aldri námsmenn útskrifuðust og miðað var við að þeir fengju jafn háar tekjur og meðaltal jafnaldra þeirra, þegar þeir fáru að greiða af láni. Fjöldi greiðenda í hverjum aldurshópi var svo veginn og þannig fengnar meðaltekjur sem notaðar voru til þess að reikna endurgreiðslu lánþega.²⁶

Í viðmiðunarlaunum eru gefnar ákveðnar forsendur.

- Lengd náms hefur ekki áhrif á laun.
- Tekjuskipting í þjóðfélaginu breytist ekki.
- Hlutfall karla og kvenna á lánum helst óbreytt.
- Raunlaun breytast ekki.

4.3.1 Hækjun raunlauna

Hækjun raunlauna verður til þess að námsmenn greiða lán sín hraðar til baka. Til þess að kanna hvern hækjun raunlauna hefur verið var skoðaður munurinn á lánskjaravísitölu, sem námslán eru bundin og launavísitölu. Fengin voru mánaðarleg gögn frá árinu 1979-1994 eða í 15 ár. Að meðaltali hækkaði lánskjaravísitala um 1.97% á milli mánaða en launavísitala um 1.92%. Þær haldast því sem næst í hendur, sem þýðir að raunlaunahækkanir hafa ekki orðið á þessu tímabili.²⁷

Aukning hagvaxtar á mann ætti að leiða til raunlaunahækkan. Til þess að kanna hagvöxt á mann voru fengin gögn frá árinu 1946 til 1992. Meðalhagvöxtur á mann á tímabilinu var 2.6% á ári. Á tímabilinu 1979 til 1992 var 1.48% hagvöxtur á mann. Prátt fyrir það virðist ekki hafa orðið raunlaunabreyting á tímabilinu.²⁸

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að lánskjar- og launavísitala haldist í hendur til lengri tíma lítið. Það er því ekki gert ráð fyrir neinum raunlaunahækjunum þar sem hækkanir á launum vega á móti því að lánið er verðtryggt. Það kom nokkuð á óvart við gerð skýrslunnar að raunlaun skyldu ekki hafa hækkað á þessu tímabili. Óvist er hvort

²⁶ Sjá viðauka 1.3 og 4.1

²⁷ Sjá viðauka 1.4

²⁸ Sjá viðauka 1.5



pessi forsenda muni halda á næstu árum, en þó er betra að ofmeta kostnaðinn en vanmeta, þannig að ekki er gert ráð fyrir raunlaunahækjunum í útreikningunum.

4.3.2 Hækjun viðmiðunarlauna

Afborgun á námsláni skiptist í tvennt, annarsvegar fasta afborgun sem er ekki háð tekjum og hins vegar tekjutengda afborgun. Meðan lánþegar greiða 5% af heildartekjum í afborganir þurfa þeir að hafa 1.011.640 krónur til þess að reiknast tekjutengd afborgun en 722.600 þegar afborganin er 7%. Allir sem hafa tekjur undir þessum mörkum borga aðeins föstu afborganin. Í útreikningum á meðaltekjum voru öll laun reiknuð með þ.m.t. þau laun sem voru undir þessum tekjumörkum. Til þess að meðallaunin séu rétt þarf að hækka þau laun sem eru undir mörkunum, upp í þau. Viðmiðunarlaunin eru því hækkuð um 9.21% þann tíma sem menn greiða 5% af laununum en 4.93% þegar þeir greiða 7%. Með því móti greiða allir a.m.k. föstu afborganina.²⁹

4.3.3 Gefnar forsendur varðandi laun

- Nýútskrifaðir fá sömu laun og meðaltal jafnaldra þeirra.
- Launavísitala og lánskjaravísitala haldast í hendur.
- Tekjuskipting í þjóðfélaginu breytist ekki.
- Atvinnuleysi breytist ekki.
- Meðalaldur breytist ekki.
- Engar raunlaunahækkanir verða á greiðslutímanum.

4.4 Endurgreiðsla láns

Samkvæmt lögum um Lánaþjóð íslenskra námsmanna eru námslán vaxta- og afborgunarlaus meðan á námi stendur, en verðtryggð. Fyrsta afborgun af námsláni er tveimur árum eftir skráð námslok. Fyrstu fimm ár afborgunar er afborganin 5% af heildarútsvari lánþega en 7% eftir það. Lánið ber 1% vexti frá skráðum námslokum, en þó er heimilt samkvæmt ákvæðum skuldabréfs að hækka vextina í allt að 3% samkvæmt ákvörðun ráðherra. Í útreikningum er þó miðað við að vextir haldist í einu prósenti. Námslán eru greidd upp nema námsmaður látið.³⁰

²⁹ Sjá viðauka 1.6

³⁰ Lög um LÍN, maí 1992



Tími	Vextir	Afborgun
Á námstíma	Engir	Engin
Fyrstu tvö ár eftir nám	1%	Engin
Fyrstu fimm ár afborgunar	1%	5% af heildartekjum ársins á undan
Afborganir sem eftir eru	1%	7% af heildartekjum ársins á undan

Afborganir af lánu eru tvær á hverju ári. Föst greiðsla sem er á gjalddaga í mars er 48.000 miðað við lánskjaravísitölu 3.198 og viðbótargreiðsla sem er hlutfall af heildartekjum lánþega frá árinu á undan að frádreginni föstu greiðslunni. Viðbótargreiðslan er á gjalddaga í szeptember. Lágmarks árgreiðsla er fasta afborgunin óháð tekjum lánþega.

Til þess að reikna kostnað við lánn er lánþegi láttinn borga upp lánið miðað við meðaltekjur. Sú greiðsluröð sem fæst út úr því er svo notuð til þess að reikna núvirði láns.³¹

4.4.1 Núvirði láns

Par sem námslán bera vexti sem eru undir markaðsvöxtum þarf að núvirða lánið. Lán sem greitt er til baka er því minna virði heldur en upphaflegt lán og við það myndast kostnaður hjá rískinu vegna vaxtamuns. Því seinna sem greiðsla skilar sér því minna virði er hún og því meiri kostnaður fyrir ríkið. Til þess að finna núvirði meðalláns er notuð núvirðisformúla

$$\sum_{I=1}^N \frac{x_i}{(1+v)^i}$$

I = greiðsluár númer i
 N = síðasta greiðsla
 X = greiðsla ár i
 V = vextir

Lánið er núvirt frá námslokum, þangað til síðasta greiðsla hefur verið greidd af lánu. Þetta er gert fyrir öll meðallánin. Þegar lánið er núvirt lækkar bókfært virði útistandandi krafna um ákveðna prósentu.³²

³¹ Sjá viðauka 1.7 - 1.10

³² Sjá viðauka 1.11 til 1.14



Til þess að fá rétt núvirði þarf einnig að núvirða lánið þann tíma sem námsmaður er á lánum. Til þess að sjá hve mikið námsmaður er með útistandandi á hverjum tíma er stuðst við útgreiðslur lánaþjóðsins frá 1994. Miðað er við að námsmaður hefji nám í september og fái borgað út meðalútborgun lánaþjóðsins í hverjum mánuði. Hann stundar nám f 3.2 ár og er á þeim tíma búinn að fá 1.444.425 krónur í lán. Við þetta myndast ákveðin greiðsluröð sem er svo núvirt miðað við mismunandi ávöxtunarkröfu.³³

4.5 Kostnaður vegna seinkunar á greiðslum til LÍN

Í lögum um LÍN er kveðið á um að greiðslur skuli hefjast tveimur árum eftir námslok. Í greinargerð með lögunum er sagt að gjalddagar séu tveir, föst greiðsla í mars og viðbótargreiðsla í september. Vegna þess að fasta greiðslan er bundin við marsmánuð fá sumir greiðendur lengri frest en tvö ár, þar til fyrsta afborgun fer fram. Ef námslok eru skráð eftir 1. júlí þarf námsmaðurinn ekki að greiða fyrstu greiðslu fyrr en rúmum tveimur og hálfu ári eftir námslok. Það kemur því aukakostnaður vegna þessa frests hjá ákveðnum hluta námsmanna. Gert er ráð fyrir að greiðslur frestist um hálf ár hjá helmingi greiðenda.³⁴

4.6 Kostnaður vegna viðbótargreiðslu

Hluti af afborgun námsláns kemur í formi viðbótargreiðslu í september, hálfu ári seinna en fasta greiðslan. Öll greiðslan fer því ekki fram tveimur árum eftir námslok heldur hluti tveimur árum eftir og hluti tveimur og hálfu ári eftir. Það þarf því að taka til lit til þess þegar lánið er núvirt. Í útreikningunum er kannað hve mikið kemur inn í formi viðbótargreiðslu og sá hluti vaxtareiknaður í lengri tíma en fasta greiðslan.³⁵

4.7 Andlát lánþega

Þegar lánþegi fellur frá falla eftirstöðvar af láni hans niður. Til þess að áætla afskriftir vegna andláts lánþega voru fengnir dánarstuðlar frá hagstofu. Notaðar voru lífslíkur lánþega á milli ára og þannig reiknaður kostnaður við hvert ár, eftir því hve

³³ Sjá viðauka 1.15 til 1.18

³⁴ Sjá viðauka 1.19 til 1.22

³⁵ Sjá viðauka 1.23 til 1.26



Í útreikningunum vegna greiðsluerfiðleika er skoðað hve margir fengu greiðslufrest árið 1993, en þeir eru að borga af eldri lánum. Þeir sem eru með laun rétt undir 800 þúsund greiða aðeins föstu afborgunina sem var 29.956 vorið 1995. Þeir sem koma til með að greiða í nýja kerfi greiða fasta afborgun kr. 50.582. Kannað var fyrir mismunandi laun hve mikinn tekjuauka námsmenn verða að hafa til þess að standa undir afborgunum að lánum í nýja kerfi miðað við það gamla. Að meðaltali var sú tekjuaukning 86.874 kr. á ári til þess að vera jafn vel settur fyrir og eftir breytingu laga. Aukning í afborgunum er 68,8% en í útreikningunum er gert ráð fyrir að við þetta aukist afskriftir um helming af þessari hækkun eða 34.4%.³⁷

4.8.1 Gefnar forsendur vegna greiðsluerfiðleika

- Atvinnuleysi breytist ekki
- Breytingar verða ekki gerðar á öðrum lánakerfum, s.s. húsnæðiskerfinu.

4.9 Lántökugjöld lánþega

Lánþegar greiða 1.2% lántökugjald af teknum lánum hjá Láanasjóðinum. Gert var ráð fyrir að lántökugjaldið færi upp í rekstrarkostnað LÍN. Lántökugjaldið lækkar því kostnaðinn við útlán.³⁸

4.10 Lántökugjöld LÍN

Láanasjóðurinn greiðir lántökugjald, 1.5% og stimpilgjald, 0.5% af öllum lántökum sínum. Samtals er þessi kostnaður 2% af öllum lántökum. Það verður því að taka þennan kostnað með þegar kostnaður við útlán er reiknaður, en þó aðeins af lántökum en ekki framlagi ríksisins.³⁹


4.10.1 Gefnar forsendur

- Gert er ráð fyrir að ríkisábyrgðargjald sem LÍN greiðir nú og er 2% verði fellt niður.
- Ekki er gert ráð fyrir að LÍN þurfi að endurfjármagna útlán.

³⁷ Sjá viðauka 1.31

³⁸ Sjá viðauka 1.33

³⁹ Sjá viðauka 1.33



4.11 Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður LÍN er umtalsverður á hverju ári. Dýrt er að halda utan um allar þær upplýsingar sem þörf er á um lánþega og greiðendur og fjöldi þeirra er mikill. Rekstrarkostnaði má fá raun skipta í tvænt. Annarsvegar er kostnaður vegna útlána til námsmanna og hinsvegar er kostnaður vegna innheimtu á lánum námsmanna. Rekstrarkostnaður telst sem hluti af kostnaði við námsaðstoð og er því tekinn með fá útreikninginn.

Tekinn var rekstrarkostnaður ársins 1994 og hann settur sem hlutfall af heildarútlánum. Þannig fáest hlutfallslegur kostnaður við rekstur sjóðsins.⁴⁰

4.11.1 Gefnar forsendur við rekstrarkostnað

- Kostnaður við rekstur sjóðsins helst hlutfallslegur.

4.12 Ávöxtun eigin fjár

Samkvæmt stöðlum EES ber ríkinu að gera ávöxtunarkröfu í eiginfósjóðsins, eins og um væri að ræða venjulegt fyrirtæki. Lánaþjóðurinn er með bókfært eigið fé upp á rúma 16 milljarða. Þess ber þó að gæta að bókfært eigið fé er ekki það sama og raunverulegt, þar sem útlán sjóðsins eru flest aðeins verðtryggð en vaxtalaus. Innlán eru aftur á móti með vöxtum frá 5.2% og upp í 9%. Það þarf því að færa útlán til núvirðis til þess að finna rétta eiginfjárstöðu. Ríkið getur svo gert ávöxtunarkröfu á núvirt eiginfó.

Það er svo dregið frá kostnaði við útlán.⁴¹

4.13 Koſtnaður við námsaðstoð miðað við 5% endurgreiðslu

Í skýrslunni er einnig reiknaður kostnaður við námsaðstoð ef endurgreiðslur námslána eru festar í 5% af launum í stað 5% og 7% eins og nú er. Allar sömu forsendur voru notaðar við þá útreikninga og þá fyrri.⁴² Með þeim útreikningum er hægt að sjá hvað það kostar að breyta lögum um endurgreiðslu lána.

⁴⁰ Sjá viðauka 1.33

⁴¹ Sjá viðauka 1.33

⁴² Sjá viðauka 2



5. Niðurstöður við kostnað á námsaðstoð

Í skýrslunni er kostnaðarliðum skipt niður til þess að einfalda útreikninga. Við að skipta liðunum niður verður hætta á að sleppa kostnaði og tvítelja annan. Þegar kostnaðinum er skipt niður, er ekki gerlegt að núvirða miðað við ákveðinn fastan tíma, því að í raun er verið að núvirða mörg lán og finna meðaltalið af þeim kostnaði. Þau lán eru svo tekin saman í eitt sem samsvarar meðalkostnaði við útlán og rekstur LÍN.


5.1 Kostnaður ríkisins við núverandi námslánakerfi

Kostnaðurinn skiptist upp í átta liði. Hann er reiknaður út miðað við fjórar ávöxtunarkröfur ríkisins af fjármagni sínu. Í viðauka 1.32 er tekinn saman kostnaður einstakra liða og hver liður lækkaður um áður niðurfærðan kostnað til þess að forðast tvítalningu. Niðurstöður fí viðauka 1.32 og 1.33 eru svo færðar saman í viðauka 1.34.

Kostnaður vegna námsaðstoðar

Fjórskipt meðallán	Viðmiðunar- vextir 5,0%	Viðmiðunar- vextir 5,2%	Viðmiðunar- vextir 5,5%	Viðmiðunar- vextir 6,0%
Kostnaður við vaxtamismun	39,41%	40,70 %	42,56%	45,48%
Kostnaður meðan á námi stendur	4,30%	4,36 %	4,45%	4,57%
Kostnaður v/ seinkunar á greiðslum	0,32%	0,32 %	0,32%	0,32%
Kostnaður vegna viðbótargreiðslu	0,32%	0,32 %	0,31%	0,30%
Kostnaður vegna afskrifta	1,26%	1,21 %	1,13%	1,02%
Kostnaður vegna greiðsluerfiðleika	1,79%	1,75%	1,69%	1,59%
Tekjur vegna lántökugjalds lánþega	-0,63%	-0,61%	-0,59%	-0,56%
Kostnaður við rekstur sjóðsins	3,31%	3,31 %	3,31%	3,31%
Ávöxtun eigin fjár	-1,62%	-1,62%	-1,62%	-1,62%
Kostnaður samtals	48,46 %	49,74 %	51,57 %	54,42 %

Athuga ber að kostnaður við hvern lið hefur verið færður niður. Það er því ekki hægt að nota þessar tölur til þess að skoða kostnað við einstaka þætti útreikningsins.



Niðurstöðurnar gefa okkur kostnað ríkisins við námslánakerfið. Miðað við þetta er kostnaðurinn frá 48,29% við 5% ávöxtunarkröfu og upp í 54,27% við 6% kröfu. Eftir því sem lán námsmanna er hærra, því hærra hlutfall er kostnaður ríkisins og öfugt. Það má glöggt sjá með því að bera saman kostnaðinn við hvert meðallán í viðauka 1.32.

5.2 Hlutfall ríkisframlags til LÍN

Tölurnar hér fyrir ofan gera ráð fyrir að ríkið geri ávöxtunarkröfu á því fjármagni sem það leggur til LÍN. Hlutfallið kemur svo til með að lækka eftir því sem eigið fé vex. Ef ríkið gerir enga ávöxtunarkröfu þarf ekki að núvirða þá upphæð sem ríkið leggur til. Hlutfallið sem ríkið leggur til sjóðsins þarf því að vera minna en eiginlegur kostnaður.

Hlutfall ríkisins í kostnaði LÍN


Fjórskipt meðallán	Viðmiðunar- vextir 5,0%	Viðmiðunar- vextir 5,2%	Viðmiðunar- vextir 5,5%	Viðmiðunar- vextir 6,0%
Kostnaðarhlutfall	50,08%	51,36%	53,19%	56,04%
Framlag Ríkisins	33,42%	34,85%	36,94%	40,26%
Lántökugjald	0,68%	0,71%	0,76%	0,83%
Heildarframlag ríkisins	34,11%	35,57%	37,69%	41,08%

Hlutfallið er fengið með því að beita ítrekunaraðferð, en með því móti er ríkisframlagið nálgað, þangað til rétt niðurstaða fæst.

Framlag ríkisins þarf því að vera á milli 34% og upp í 41% af útlánum til þess að eiginfé sjóðsins breytist ekki.

5.3 Kostnaður ríkisins við námslánakerfið með fastri 5% afborgun

Sömu forsendur eru notaðar við útreikning á fastri 5% afborgun og í núverandi kerfi. Meðalláninu er skipt upp í 4 mismunandi lán og kostnaðinum er skipt í átta liði.



Kostnaður vegna námsaðstoðar

Fjársípt meðallán	Viðmiðunar- vextir 5,0%	Viðmiðunar- vextir 5,2%	Viðmiðunar- vextir 5,5%	Viðmiðunar- vextir 6,0%
Kostnaður við vaxtamismun	43,60%	44,92%	46,80%	49,70%
Kostnaður meðan á námi stendur	4,00%	4,05%	4,12%	4,22%
Kostnaður v/ seinkunar á greiðslum	0,29%	0,27%	0,26%	0,26%
Kostnaður vegna viðbótargreiðslu	0,22%	0,22%	0,21%	0,21%
Kostnaður vegna afskrifta	3,13%	2,98%	2,77%	2,44%
Kostnaður vegna greiðsluerfiðleika	1,41%	1,37%	1,32%	1,25%
Tekjur vegna lántökugjalds lánþega	-0,57%	-0,55%	-0,53%	-0,50%
Kostnaður við rekstur sjóðsins	3,31%	3,31%	3,31%	3,31%
Ávöxtun eiginfjár	-1,62%	-1,62%	-1,62%	-1,62%
Samtals	53,78%	54,95%	56,64%	59,26%

Ef endurgreiðslum er breytt, þannig að afborganin sé föst 5% af heildartekjum, hækkar kostnaður við námsaðstoð um c.a. 5%.

Hlutfall ríkisins í kostnaði LÍN

Fjársípt meðallán	Viðmiðunar- vextir 5,0%	Viðmiðunar- vextir 5,2%	Viðmiðunar- vextir 5,5%	Viðmiðunar- vextir 6,0%
Kostnaðarhlutfall	55,40%	56,57%	58,26%	60,88%
Framlag Ríkisins	39,50%	40,88%	42,90%	46,09%
Lántökugjald	0,81%	0,84%	0,88%	0,95%
Heildarframlag ríkisins	40,32%	41,72%	43,78%	47,04%

5.4 Hvaða viðmiðun á að nota

Útreikningar sem þessir eru alltaf verulegri óvissu háðir, sama hversu vel þeir eru unnir. Lán námsmanna eru greidd til baka á aitt upp í 50-60 árum þegar mest lætur og sumar þær forsendur sem gefnar eru í upphafi verða að halda allan þann tíma. Breytingar



í forsendunum leiða til þess að upphaflega ríkisframlagið verður ekki rétt. Það er því hæpið að það viðmið sem er fengið út í dag verði rétt þegar fram líða stundir. Þessi tala er þó góð sem viðmið fyrir ríkisframlag á milli ára. Til leiðréttингar á ríkisframlagi ætti þó að nota raunverulegan kostnað LÍN ár frá ári.

Raunverulegan kostnað ríkisins má finna út samkvæmt eftirfarandi formúlu,

Tekjur: Vextir og verðbætur af útlánum;
Lántökugjald námsmanna;
Önnur seld þjónusta.

Kostnaður: Vextir og verðbætur af innlánum;
Lántökugjöld tekinna lána;
Framlög á afskriftarrekning útlána;
Verðbreytingarfærsla;
Rekstrarkostnaður.

Kostnaður - Tekjur = Ríkisframlag.

Á hverju ári er miðað við ríkisframlag sem er 51% af áætluðum útlánum sjóðsins. Ríkisframlagið er svo leiðrétt árið eftir miðað við þann kostnað sem komið hefur til á árinu.

Ríkisframlagið ár hvert verður þá,

Áætluð útlán ársins * 51% +/- leiðréttur kostnaður fyrra árs.

Með þessu móti ætti að vera tryggt að eigið fé sjóðsins sveiflist ekki verulega, vegna breyttra forsenda eða rangs ríkisframlags.



6. Kostnaður við síðustu krónu láns

Kostnaður við hvern námsmann er misjafn, eftir því hve hátt lán hann tekur og hversu hratt hann greiðir það til baka. Eftir því sem greiðslur frá námsmanni koma seinna, þeim mun meiri er kostnaður ríkisins. Það er því dýrt að lána sama námsmanninum háar upphæðir, þar sem síðasta krónan sem honum er lánuð kemur síðust til baka. Það er því mikilvægt að geta skoðað kostnað við síðustu krónuna sem námsmanni er lánuð, sérstaklega þegar teknar eru ákvarðanir sem koma til með að hækka meðallán lánþega eða lán hjá einstaka hópum námsmanna.

6.1 Forsendur


Til þess að reikna kostnað við síðustu krónu voru greiðslur meðalnámsmanns skoðaðar. Á hverju ári greiðir þessi námsmaður ákveðna upphæð til baka til lánaþjóðsins, miðað við laun hans. Reiknað er hver kostnaður er við hverja greiðslu námsmanns og hve hátt lán hans má vera til þess til þess að það sé greitt upp á árinu.

Þegar kostnaður við greiðslu er reiknaður er notast við núvirðisformúluna,

$$\sum_{I=1}^N \frac{x_i}{(1+v)^i}$$

I = greiðsluár númer i
 N = síðasta greiðsla
 X = greiðsla ár i
 V = vextir

Kostnaður við síðustu krónu hækkar í stökkum, þar sem kostnaður breytist ekki fyrr en aukagreiðsluár bætist við, en þá þarf að núvirða í eitt ár í viðbót. Þetta gildir svo framarlega sem námstími lengist ekki.




Kostnaður við síðustu krónu láns, m.v. 6% vexti


Ár afb.	Upphæð upp- haflegs láns	Endurgr. láns	Núviðt endurgr.	Lækkun V dauðsfalla lán	Endurgr. lán	Annar kostn. v/ láns	Kostnaður v/ gr.
1	69.000	71.174	59.759	905	58.854	9,68%	25,32%
2	140.000	73.636	58.327	928	57.399	9,68%	29,60%
3	212.000	75.982	56.778	952	55.826	9,68%	33,64%
4	285.000	78.103	55.059	971	54.089	9,68%	37,45%
5	360.000	79.784	53.061	981	52.080	9,68%	41,04%
6	465.000	113.857	71.435	1.368	70.068	9,68%	44,42%
7	571.000	115.827	68.558	1.358	67.200	9,68%	47,60%
8	678.000	118.066	65.928	1.347	64.581	9,68%	50,60%
9	785.000	119.970	63.199	1.330	61.868	9,68%	53,42%
10	894.000	122.320	60.790	1.318	59.472	9,68%	56,09%
11	1.003.500	124.532	58.385	1.314	57.071	9,68%	58,61%
12	1.114.000	126.584	55.988	1.307	54.682	9,68%	60,99%
13	1.224.000	128.111	53.456	1.312	52.145	9,68%	63,24%
14	1.334.000	129.626	51.027	1.313	49.714	9,68%	65,36%
15	1.444.000	129.734	48.179	1.298	46.881	9,68%	67,36%
16	1.552.500	129.521	45.377	1.293	44.084	9,68%	69,26%
17	1.668.000	128.045	42.320	1.271	41.049	9,68%	71,05%
18	1.762.500	126.955	39.585	1.276	38.309	9,68%	72,75%
19	1.862.000	122.181	35.940	1.237	34.703	9,68%	74,35%
20	1.957.500	119.635	33.199	1.216	31.984	9,68%	75,85%
21	2.051.500	118.066	30.909	1.221	29.689	9,68%	77,29%
22	2.142.500	115.827	28.607	1.212	27.395	9,68%	78,64%
23	2.231.500	113.857	26.529	1.214	25.315	9,68%	79,92%
24	2.316.000	109.344	24.035	1.181	22.853	9,68%	81,12%
25	2.397.000	106.375	22.059	1.159	20.900	9,68%	82,26%

- Upphæð láns er það lán sem tekið var upphaflega.
- Endurgreiðsla láns er sú upphæð sem er endurgreidd á árinu.
- Núvirt endurgreiðsla er núvirði endurgreiddrar upphæðar.
- Lækkun vegna dauðsfalla kemur til vegna andláts lánþega.
- Endurgreitt lán er núvirt endurgreiðsla án annars kostnaðar.
- Annar kostnaður vegna láns er kostnaður meðan á námi stendur, greiðsluerfiðleikar, lántökugjöld og rekstrarkostnaður.
- Kostnaður vegna greiðslu er kostnaður vegna greiðslu á þessu ári.

Kostnaður á greiðslum fer svo stighthækandi eftir því sem greiðslan kemur til seinna og lánið hækkar. Þegar lánið er komið í rúmar 1.3 milljónir er styrkur vegna síðustu greiðslu orðinn 60%. Ef svo lán er komið í 3 milljónir er styrkur síðustu greiðslu komin í 85% af upphaflegu láni.⁴³

⁴³ Sjá viðauka 6.1 - 6.4







Gefnar forsendur

- Námsmaður má ekki greiða af láni lengur en í 20 ár.
- Næsta árs afborgun miðast við að laun lánþega hækki hlutfallslega jafn mikið og meðaltal jafnaldra hans.
- Líkur á afskrift vegna dauðsfalla eru teknað með.
- Afskrift vegna greiðsluerfiðleika er tekin með.

Miðað við þessar forsendur eru greiðslur námsmanns núvirtar miðað við 6% ávöxtunarkröfu. Þetta er gert fyrir alla námsmenn með útistandandi lán.

7.2 S-lán

S-lán voru veitt á árunum 1982-1992. Skilmálar á lánunum voru svipuð og á V-lánnum, nema að lánið er til 40 ára og árleg greiðsla er 3.75 af útsvarsstofni, að frádreginni föstu afborguninni sem nú er um 30.000 krónur á ári.

Sömu aðferð var beitt á S-lán og V-lán. Allir lánþegar voru núvirðisreiknaðir miðað við gefnar forsendur lánanna.

Gefnar forsendur

- Námsmaður má ekki greiða af láni lengur en í 40 ár.
- Næsta árs afborgun miðast við að laun lánþega hækki hlutfallslega jafn mikið og meðaltal jafnaldra hans.
- Líkur á afskrift vegna dauðsfalla er tekin með.
- Afskrift vegna greiðsluerfiðleika er tekin með.

Með þessu móti á að fást eins nákvæmt núvirði útistandandi S-lána og mögulegt er.

7.3 Ósamsett T-lán

Þar sem allir námsmenn sem voru í S-lána kerfinu hafa ekki lokið námi eða eru farnir að greiða af láni sínu eru enn til svokölluð ósamsett T-lán. Ósamsett T-lán eru einstök skuldabréf námsmanna, sem síðar verður breytt í S-lán með því að skuldbreyta öllum T-lánnum námsmanns í eitt S-lán. Þar sem námsmenn eru ekki farnir að greiða af



T-lánunum er ekki hægt að beita sömu aðferð við núvirðisútreikning á þeim og gert er við V- og S-lánin.

Ósamsett T-lán munu öll breytast í S-lán. Gert er ráð fyrir að það verði á næsta ári. Námsmenn sem tóku síðustu S-lánin greiða af þeim á næsta ári, svo framarlega sem þeir hafa ekki tekið R-lán eða séu enn í námi. Ef námsmaður hefur tekið R-lán verður hann að greiða þau upp fyrst áður en hann fer að greiða af S-lánum sínum. Greiðslur á hluta S-lána freastast því, en í stað þess eru menn sneggri að greiða upp R-lán sín.

Í útreikningunum er ekki gert ráð fyrir aukakostnaði vegna seinkunar á greiðslu S-lána. Að sama skapi er ekki tekið með í reikninginn minni kostnaður vegna sneggri uppgreiðslu R-lána. Þessir kostnaðarliðir er látnir vega hvorn annan upp. Í útreikningum á kostnaði við ósamsett T-lán er notað sama núvirði og fékkst í S-lánum, nema að útistandandi lán eru vaxtareiknuð í eitt ár í viðbót.

7.4 R-lán

R-lán eru þau lán sem veitt eru í núverandi námslánakerfi. Fyrstu R-lánin voru borguð út til námsmanna haustið 1992. Þar sem engin reynsla er komin á afborganir né upphæðir R-lána hjá námsmönnum er ekki hægt að beita sömu aðferð og við V- og S-lán. Til þess að fára útistandandi lán til núvirðis eru notaðir útreikningarnir í viðauka 1.

Þar sem mislangt er síðan þessi lán voru tekin þarf að skipta þeim upp eftir ári. Kostnaður meðan á námi stendur hefur þegar verið færður að hluta þannig að ekki þarf að núvirða lán sem tekin voru árið 1992 vegna kostnaðar við nám, nema að hluta.⁴⁵ Einnig eru frádregin rekstrarkostnaður og lántökugjöld.

7.5 Núvirði innlána

Lán LÍN hjá Ríkisábyrgðarsjóði bera allt frá 5,2% vöxtum og upp í 9%. Til þess að samhæfa útlán og innlán eru innlán einnig núvirt miðað við 6% ávöxtunarkröfu. Lánin eru borguð upp miðað við ákvæði skuldabréfanna og svo núvirt til baka miðað við 6% ávöxtunarkröfu.

⁴⁵ Sjá viðauka 7.2



8. Núvirði eigin fjár LÍN, niðurstöður

Útistandandi lán eru færð til núvirðis miðað við gefnar forsendur. Við það lækkar virði þeirra.

Tegund láns	Upphæð láns	Hlutf. endurgr.	Núvirði útist.
V-lán	4.215.791.526	48,93%	2.062.921.423
S-lán	17.267.947.427	42,25%	7.296.560.245
Ósameinuð T-lán	11.137.395.720	39,72%	4.423.733.535
R-lán 1992	235.635.064	49,84%	117.448.600
R-lán 1993	2.558.745.975	48,28%	1.235.377.859
R-lán 1994	2.722.729.644	46,86%	1.275.935.659
Gjaldfallnar afb. námslána	246.622.155	80,00%	197.297.724
Önnur skuldabréf og kröfur	70.860.466	97,00%	68.734.652
Lán vegna skólagjalda	11.590.020	100,00%	11.590.020
Samtals			16.689.599.717

Útistandandi lán LÍN, auk gjaldfallinna afborgana og annarra skuldabréfa eru tæpir 16.7 milljarðar. Bókfaert virði þessara krafna er aftur á móti rúmir 38.4 milljarðar, þannig að virði útistandandi krafna lækkar niður í 43.5% af upphaflegu virði. Aðrar eignir sjóðsins eru handbært fé og varanlegir rekstrarfjármunir sem ber að taka með.

Eignir samtals	Staða 1994-95	Staða 1993-94
Útistandandi lán LÍN	16.689.599.717	15.895.407.157
Handbært fé	278.674.865	221.342.978
Varanlegir rekstrarfjárm.	35.762.621	46.382.121
Samtals	17.004.037.203	16.163.132.256

Eignir sjóðsins eru því 17 milljarðar á núvirði. Skuldir LÍN eru útistandandi lán auk ógreiddra áfallinna vaxta um áramót.



Skuldir	Raunverulegt	Núvirði
Útistandandi lán LÍN	15.114.343.530	15.327.262.022
Áfallnir ógr. vextir	915.877.174	915.877.174
Ýmsir viðskiptamenn	1.335.838	1.335.838
Samtals	16.031.556.542	16.244.475.034

Skuldir LÍN eru á núvirði rúmir 16.2 milljarðar. Eignir mínus skuldir mynda eigin fjárstöðuna.

Eiginfjárstaða LÍN um áramót 1994-95 759.562.168

Núvirt eiginfjárstaða LÍN um áramót 1994-95 er samkvæmt þessu um 760 milljónir. Þó að aðferðir hafi verið notaðar til þess að lágmarka óvissu í þessum útreikningum getur skekkja í útreikningunum hæglega numið hundruðum milljóna. Það stafar aðallega af óvissu í endurgreiðslum R-lána, þar sem ekki er komin reynsla á afborganir lánþega af þeim og því verður að styðjast við þá útreikninga sem eru í skýrslunni um afborganir lánaða.



9. Lokaorð

Þrír þættir stjórna kostnaði við námsaðstoð.

1. Hlutfall endurgreiðslna
2. Meðallán námsmanna
3. Afskriftarþörf


Styrkir voru áður hluti af kostnaði en þeir heyra nú sögunni til. Hlutfall endurgreiðslna hefur veruleg áhrif á kostnað við námsaðstoð. Eftir því sem lánið er greitt hraðar til baka þeim mun minni vaxtamismun verður ríkið fyrir. Á móti kemur að með aukinni greiðslubyrði lánþega aukast vanskil og afföll og þar með eykst kostnaður.

Meðallán námsmanna hefur einnig mikil áhrif á kostnað ríkisins. Síðasta krónan sem lánuð er til námsmanns er sú dýrasta, því það er hún sem kemur síðust til baka. Lán sem fara yfir þrjár milljónir eru að stærstum hluta styrkir. Ef ná á niður kostnaði við námsaðstoð er ráðlegt að athuga með hvaða hætti er hægt að lækka meðallánið, eða í það minnsta koma í veg fyrir mjög há lán, því þeir peningar koma aldrei til baka. Að öllum líkindum væri ódýrara fyrir ríkið að styrkja menn til framhaldsnáms með beinu framlagi í stað þess að reyna halda utan um lán til þeirra, sem verða ekki borguð til baka fyrr en eftir janvel tugi ára.

Lánaþjóðurinn tók miklum breytingum með nýjum lögum 1992. Enn er ekki komin full reynsla á þau lög, þar sem námsmenn eru ekki enn farnir að borga af þeim lánum. Þrátt fyrir það hafa heyrst háværar raddir námsmanna sem krafist hafa breytinga á þessum lögum, og er þá sérstaklega rætt um endurgreiðslu námslána.

Eins og fram kemur í skýrslunni er þó nokkur kostnaðarauki fyrir ríkið að breyta endurgreiðslu, jafnvel þó ekki sé nema í fasta 5% endurgreiðslu. Þegar hugað er að greiðslubyrði lánþega, verður að taka tillit til sem flestra annarra þátta í þjóðféluginu s.s. húsnæðiskerfinu, skattkerfinu og því félagslega. Allt hangir þetta saman og þessi kerfi hafa áhrif á greiðslugetu lánþega. Verulegar breytingar t.d. á húsnæðiskerfinu gætu orðið til þess að námsmenn réðu auðveldlega við 7% afborgun af námslánum, en það gæti þó einnig farið á hinn veginn. Jaðarskattar koma hér einnig við sögu, en með tekjutengingu allra bóta og greiðslum til lánaþjóðsins gæti jaðarskattur farið að nálgast 100% í einstökum tilfellum. Þegar lög um LÍN verða endurskoðuð ætti að huga að heildinni en ekki einangra sig aðeins við Lánaþjóðinn.

Í þessari skýrslu hefur verið reynt að meta kostnað við námsaðstoð. Eins og fram hefur komið eru þessir útreikningar byggðir á forsendur sem geta breyst með tímanum.




Niðurstöður skýrslunnar er því aðeins hægt að nota sem viðmið þegar ríkisframlag til LÍN er ákveðið. Niðurstöðurnar eru aftur á móti góðar til þess að kenna kostnað við breytingar á endurgreiðslum. Munurinn á því endurgreiðslukerfi sem nú er í lögum og 5% endurgreiðslum er nokkuð áreiðanlegur. Það er því hægt að nota þær tölur, þegar rætt verður um breytingar á lögum sjóðsins.

Ég vil þakka þeim fjölmörgu sem hafa aðstoðað við gerð þessarar úttektar. Þá vil ég sérstaklega nefna;

Albert Guðmundsson, Ríkisendurskoðun;
Guðjón Viðar Valdimarsson, LÍN;
Guðmund Guðmundsson, LÍN;
Guðmund Magnússon, prófessor
Ingunn Snædal, kennaranemi
Lárus Jónsson, LÍN og
Tryggva Herbertsson, Hagfræðistofnun.

Reykjavík 11. september 1995.

Guðmundur Ingi Jónsson



11. Heimildaskrá

Heimildaskrá:

Álit vinnuhóps menntamálaráðherra um málefni LÍN,
Reyjavík 25. febrúar 1989.

Ársreikningur LÍN 1970-1994

Áætluð áhrif tiltekinar útlánatakmörkunar á starfsemi Lánaþjóðs íslenskra námsmanna.
Steingrímur Ari Arason, Reykjavík 3. október 1986.

Greinagerð um fjárhagsstöðu Lánaþjóðs íslenskra námsmanna. Ríkisendurskoðun, apríl
1991.

Hugmyndir til undirbúnings endurskoðunar á reglum og lögum um námsaðstoð og
námsstyrki. Starfshópur um málefni LÍN, Reykjavík september 1988.

Income redistribution and the welfarestate. Public finance in theory and practice, A. R.
Prest og N. A Barr, London Scholl of Economics. Weidenfeld and Nicolson, London.

Lánaþjóður íslenskra námsmanna, þróun, staða og horfur. Ólafur Darri Andrason,
lokaritgerð í hagfræði, vor 1990.

Lög nr. 21 / 1992 um Lánaþjóð íslenskra námsmanna.


Skýrsla um Lánaþjóð íslenskra námsmanna, Könnunarstofan h.f. Reykjavík 5. 3. 1994.

Skýrsla nefndar um framtíðarverkefni LÍN. Reykjavík 5. júlí, 1990

Staða lána Lánaþjóðs íslenskra námsmanna hjá Ríkisábyrgðarsjóði um áramót 1994-95.
Ríkisbókhald, 1995.

Stjórnartíðindi 1919-1920, bla 80-81. Reykjavík 1919. Ísafoldarprents miðjan H.F.

Stjórnartíðindi 1928, bls 7-8. Reykjavík 1929. Ísafoldarprents miðjan H.F.



Stjórnartíðindi 1952, bls 349. Lög nr. 5/1952. Reykjavík 1952. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Stjórnartíðindi 1960, A. 8. bls 139. Lög nr. 17/1960, 9. apríl 1960. Reykjavík 1960, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Stjórnartíðindi 1960, A. 3. bls 106-107. Lög nr. 52/1961, 29. mars 1961. Reykjavík 1961. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Stjórnartíðindi 1967, A. 2. bls 9-12. Lög nr. 1/1967, 31. mars 1967. Reykjavík 1967, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Stjórnartíðindi 1968, A. 2. bls 349. Lög nr. 89/1968, 31. desember. Reykjavík 1968, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Stjórnartíðindi 1976, A. 6. bls 129-134. Lög nr. 56/1976, 25. maí 1976. Reykjavík 1976, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Stjórnartíðindi 1982, A. 19. bls 965-100. Lög nr. 72/1982, 13. maí 1982. Reykjavík 1982, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Stjórnartíðindi EB 29.7.1980, Nr. L 195/35. Tilstipun framkvæmdarstjórnar EES um gagnsæi fjármálatengsla. Brussel 25. júní 1980.

Stjórnartíðindi EB 28.8.1985, Nr. L 229/20. Tilstipun framkvæmdarstjórnar EES um breytingu á tilskipun 80/723/EBE um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja. Brussel 24. Júlf 1985.

Um arðsemismat, Fjárlaga og hagsýslustofnun, 1986.

Vinnuhópur um málefni Lánaþjóðs íslenskra námsmanna, álit. Reykjavík 25. febrúar, 1989.

Pjóðhagsleg arðsemi menntunar. Guðni Niels Aðalsteinsson, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 1992.

